

MINNISBLAÐ

DAGS.

14.05.2024

SENDANDI

Landsnet

Snævarr Örn Georgsson (EFLA)

MÁLEFNI

Selfosslína 1 – Svör við umsögnum um matsskyldufyrirspurn

DREIFING

Skipulagsstofnun

Inngangur

Þann 14. mars 2024 skilaði Landsnet hf. inn matsskyldufyrirspurn til Skipulagsstofnunar vegna áforma um niðurtekt á hluta Selfosslínu 1 og lagningar á jarðstreng. Umsagnarfrestur umsagnaraðila var til 22. apríl og fékk Árborg frest til 24. apríl. Þegar þetta er ritað 14. maí hafa eftirfarandi aðila sent inn umsagnir:

- Umhverfisstofnun
- Vegagerðin
- Heilbrigðiseftirlit Suðurlands
- Flóahreppur
- Minjastofnun Íslands
- Sveitarfélagið Ölfus
- Sveitarfélagið Árborg
- Náttúrufræðistofnun Íslands

Ekki hafa borist umsagnir frá Fiskistofu og Landi og skógi þrátt fyrir ítrekun.

Enginn umsagnaraðili taldi að framkvæmdin þyrfti að fara í umhverfismat og að mati Landsnet kalla umsagnir eftirfarandi aðila ekki á nein viðbrögð:

- Vegagerðin
- Heilbrigðiseftirlit Suðurlands
- Flóahreppur
- Sveitarfélagið Ölfus
- Sveitarfélagið Árborg

Þó að enginn umsagnaraðili teldi að framkvæmdin væri háð mati á umhverfisáhrifum þá voru ábendingar í nokkrum umsögnum sem Landsnet bregst við.

Minjastofnun Íslands

Minjastofnun Íslands telur upp nokkrar fornminjar í nágrenninu en þar sem engar minjar eru á fyrirhugaðri strengleið, sem er svo gott sem öll í þegar röskuðu landi, er ekki tilefni til frekari fornleifarannsókna.

Náttúrufræðistofnun Íslands

- „*Vestan Ölfusár mun verða rask á lítt snortnu svæði meðfram vesturbakka Ölfusár norður að mastri nr. 99.*“

Það rask verður í vegkanti svo til alla leið.

- *Huga þarf að frágangi og að forðast rask á varptíma fugla*

Tekið verður tillit til þess við skipulag framkvæmda.

- *Koma þarf í veg fyrir mengunarhættu við framkvæmd niðurrifs línunnar og fjarlægja alla hluta hennar.*

Bæði möstur og leiðarar verða fjarlægðir sbr. kafla 3.1.1 í greinargerð.

Umhverfisstofnun

- *Umhverfisstofnun tekur einnig undir að vegna framkvæmda geti orðið tímabundið rask á búsvæðum fugla og varpi fuglanna.*

Tekið verður tillit til þess við skipulag framkvæmda.